



Vetrarmót ÍSS 2019

Mótshaldari: Ungmennafélagið Fjölnir
Staðsetning móts: Skautahöllin í Egilshöll
Dagsetning móts: 1. - 3. nóvember 2019

Mótsstjóri: Laufey Haflína Finnsdóttir
Eftirlitsaðili ÍSS: Inga Þóra Ingvarsdóttir

Keppnisflokkar

Senior ladies/men
Junior ladies/men
Advanced novice girls/boys
Intermediate ladies/men

Intermediate novice girls/boys
Basic novice girls/boys
Cubs girls/boys
Chicks girls/boys

Keppnisreglur

Keppnisreglur eru eftir almennum reglum ISU og útgefnum reglum ÍSS ([Keppnisreglur ÍSS](#)).
Grunnpróf gilda í öllum flokkum til þátttöku á ÍSS mótum.
Mótið er hluti **Bikarmótaraðar ÍSS 2019-2020**.

Dómarakerfi

Dæmt verður eftir dómarakerfi A.

(sjá útskýringar á dómarakerfum í mótahandbók)

Skráning og skil gagna

Liðsstjórar

Félag þarf að senda inn tilkynningu um liðsstjóra í seinasta lagi viku fyrir mót. **Liðsstjórar hvers félags mega vera allt að tveir.** Upplýsingar um liðsstjóra sendist á listmotstjori@fjolnir.is og motanefnd@iceskate.is. Athugið að senda þarf bæði nöfn og símanúmer.

Þjálfarar

Félag þarf að senda inn tilkynningu um starfandi þjálfara á mótinu í seinasta lagi viku fyrir mót. Upplýsingar um þjálfara sendast á listmotstjori@fjolnir.is og motanefnd@iceskate.is

Skráning keppenda

Keppendur skrá þátttöku í NÓRA á iceskate.felog.is og er valin námskeið. Skráning opnar í NÓRA miðvikudaginn 25. september kl. 12:00.

Skráningarfrestur er til **kl. 23.59 þann 9. október 2019. Hægt er að skrá á keppni og opnar æfingar samtímis.**

Skráning á æfingar fer fram í gegnum NÓRA. Skráningarfrestur á æfingar er til **kl.23.59 þann 30. október 2019.**

Seinskráning: Boðið er upp á seinskráningu eftir að venjubundinn skráningarfrestur er liðinn. Seinskráningargjald er tvöfalt keppnisgjald og opnast seinskráningarmöguleiki í Nóra eftir að venjubundinn skráningarfrestur er liðinn einungis fyrir þá sem ekki eru þegar skráðir. Síðasti möguleiki á seinskráningu er kl. 23.59 þann 24. október 2019. Ekki er hægt að skrá eftir að seinskráningarfrestur er liðinn.

Innihaldslýsingar

Innihaldslýsingum skal skila á events@iceskate.is ekki seinna en **25. október 2019**. Eingöngu þarf að skila innihaldslýsingum fyrir þá keppendur er ekki hafa keppt á ÍSS móti á tímabilinu eða upplýsingar hafa breyst. Félag viðkomandi keppenda skilar innihaldslýsingum á þar til gerðu eyðublaði.

Tónlist

Tónlist keppenda skal senda rafrænt á mp3 formati á events@iceskate.is. Ekki er hægt að taka við tónlist á öðru formati. Skilafrestur er til **25. október 2019**. Eingöngu þarf að skila inn tónlist fyrir þá keppendur er ekki hafa keppt á ÍSS móti á tímabilinu eða upplýsingar hafa breyst. Félag keppenda sendir tónlist til ÍSS. Keppendur skulu vera með afrit af tónlist sinni á keppnisdag á formi CD.

Keppnis- og æfingagjöld

Keppnisgjöld skulu greiddast við skráningu á mótið og er tekið á móti greiðslu í gegnum NÓRA.

Keppnisgjald er:

4.600 kr. fyrir eitt prógram (9.200 kr. á seinskráningu).

7.100 kr. fyrir tvö prógröm (14.200 kr. á seinskráningu).

Forfallist keppandi fæst helmingur keppnisgjalda endurgreiddur sé þess óskað, áður en æfingar hefjast á föstudegi. Beiðni um endurgreiðslu sendist á events@iceskate.is.

Endurgreiðsla tekur mið af upprunalegri upphæð keppnisgjalda (4.600 kr./7.100 kr.). Beiðni sem berst eftir að æfingar hefjast fær ekki afgreiðslu.

Æfingagjald er 1.000 kr. fyrir hverja æfingu. Tekið er á móti greiðslu fyrir æfingar í gegnum NÓRA. Æfingagjöld fást ekki endurgreidd.

Dómaragjöld

Dómaragjald hvers félags er 62.000 kr.

Dómaragjald hvers keppanda er 1.900 kr. Félag greiðir gjald sinna keppenda.

Dómaragjöld verða innheimt með greiðsluseðli.

Upplýsingar um mót

Birting keppendalista

Keppendalisti verður birtur á heimasíðu ÍSS www.iceskate.is eftir að frumskráningu er lokað og uppfærð eftir því sem tilefni gefur til.

Útdráttur

Dregið verður í keppnisröð á skrifstofu ÍSS þann **31. október 2019** og keppnisröð birt á heimasíðu ÍSS www.iceskate.is.

Birting úrslita

Úrslit verða birt á heimasíðu ÍSS www.iceskate.is. Úrslit í flokkum Chicks og Cubs verða ekki birt. Próttokol keppenda Chicks og Cubs verða prentuð út af yfirdómara og afhent þjálfara hvers félags í lok móts.

Verðlaun og þátttökuviðurkenningar

Veitt verða verðlaun fyrir 1., 2. og 3. sæti í keppnisflokkum; Senior, Junior, Advanced novice, Intermediate ladies/men, Intermediate novice og Basic novice.

Veittar verða þátttökuviðurkenningar í flokkum Chicks og Cubs.

Mótið er hluti **Bikarmótaraðar ÍSS 2019-2020**.

Drög að dagskrá

Dagskrá verður birt á heimasíðu ÍSS www.iceskate.is

Bráðabirgðadagskrá (með fyrirvara um breytingar)

Föstudagur:

Kl.17:00-19:00 Opin æfing

Laugardagur:

Kl:08:00-14:00 Keppni á Vetrarmóti

Kl:17:00-19:00 Opin æfing

Sunnudagur:

Kl:08:00-14:00 Keppni á Vetrarmóti

Forföll

Forföll skal tilkynna til mótstjóra á listmotstjori@fjolnir.is og events@iceskate.is

Persónuverndarákvæði (GDPR)

Með skráningu á mótið gerir skautari og/eða forráðamaður sér grein fyrir því að upplýsingar um gengi skautara á mótinu eru gerðar opinberar og geymdar hjá Skautasambandi Íslands. Þá gerir skautari/forráðamaður sér grein fyrir að teknar eru ljósmyndir af skauturum á mótinu og þær birtar opinberlega og mögulega í fjölmiðlum.

Fyrir hönd mótshaldara

25. september 2019

Laufey Haflína Finnsdóttir, mótstjóri

listmotstjori@fjolnir.is